



## Fundargerð

369. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar - aukafundur, haldinn að Tjarnargötu 12  
19. desember 2023, kl. 12:00

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Gígja Sigríður Guðjónsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Ásgerður Þorgeirsdóttir fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Skúli Sigurðsson fulltrúi grunnskólakennara, Jóhanna Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

Anita Engley Guðbergisdóttir fulltrúi FFGÍR og Brynja Aðalbergisdóttir fulltrúi leikskólastjóra boðuðu forföll.

\* \* \*

### 1. Frístundaakstur (2023100180)

Fundað var með Íþróttá- og tómstundaráði vegna erindis forstöðufólks frístundaheimila Reykjaneshæjar varðandi frístundaakstur.

Íþróttá- og tómstundaráð og menntaráð taka undir áhyggjur forstöðufólks frístundaheimila hvað varðar fyrirkomulag frístundaakstursins, sér í lagi að sækja börnin af æfingum. Umræður fóru fram um málið og leggja ráðin til að samþykkt verði í bæjarstjórn breytt fyrirkomulag frístundaakstursins á þá leið að börn verði ekki sótt til baka eftir æfingar. Mikil áhersla var lögð á að aðrar lausnir væru skoðaðar samhliða til að koma til móts við foreldra ásamt því að kynna málið vel fyrir þeim. Lagt var til að breytt fyrirkomulag taki gildi frá og með 10. febrúar 2024 með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.